

KJÓAVELLIR

HESTHÚSABYGGÐ OG ÍPRÓTTALEIKVANGUR

FUNDARGERÐ HÖNNUNARFUNDAR

VERKNÚMER: 08375-V002 DAGS.: 2012-07-16
VERKÞÁTTUR: Útisvæði hönnun og alútböð á reiðskemmu NR.: 2
FUNDARSTAÐUR: Lögmansstofa SS ehf, Hamraborg 10
FUNDARTÍMI: 11:00 til 12:30

	FYRIRTÆKI / STAÐA:	NETFANG:	SÍMI:
Guðmundur Hagalínsson	Gustur/stjórnarmaður	GHL@eimskip.is	
Halldór Halldórsson	Andvari/stjórnarmaður	bilamalunh@simnet.is	
Þorvaldur Sigurðsson	Andvari/stjórnarmaður	valdi@inter.is	
Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir	Andvari/formaður	stromver@gmail.com	
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Gustur/stjórnarmaður	sveinbjorn@logkop.is	892 2804
Hermann Ingi Vilmondarson	Gustur/formaður	hermann@frostmark.is	894 4546
Sveinn Ívarsson	Sveinn Ívarsson/Arkitekt	ivarsson@islandia.is	893 9006
Guðni Eiríksson	Verkís/Verkefnisstjóri	ge@verkis.is	824 6307

AFRIT SENT: Fundarmönnum

DAGSKRÁ

1. Fundarefni 1

Tillaga Hestamannafélagsins Gusts um breytingar á deiliskipulagi á nýju skeifulaga keppnissvæði innan Kjóavalla og fundur þess efnis með Arinbirni skipulagsfulltrúa Garðabæjar og Oddi Hermannssyni höfundu deiliskipulagsins.

- 1.1. Fundur var haldinn með ofangreindum aðilum síðastliðinn föstudag 13. Júlí og mættu þar Guðni og Hermann fyrir hönd Gusts. Þar farið yfir tillögu hestamannafélagsins um breytingu á skipulagi keppnissvæðisins að Kjóavöllum. Tillagan gengur út á að víkka keppnissvæðið/ íþróttaleikvanginn um að minnsta kosti 10 metra þ. e. um 5 metra til sitt hvorrar handar frá miðlínu skeifunnar sem liggur samsíða skeiðbrautunum. Núverandi skipulag gerir ráð fyrir 20 metra breiðu svæði milli skeiðbrauta kant í kant, en forráðamenn Gust telja að það þurfi að vera að minnsta kosti 30 metrar svo koma megi þar fyrir m.a. lausum/færanlegum áhorfendastúkum á upphækkuðu svæði milli brautanna á stórmótum. Þetta upphækkaða svæði sem þyrfti að vera ca. 2 metrum ofar en vellir og að lengd a.m.k jafn langt og aðalkeppnisvöllur/hringvöllur væri jafnframt notað sem bílastæði þar sem fólk gæti komið og setið í bílum og fylgst með æfingum, sýningum og ýmsum mótum hvort sem er í barna/unglinga og eða fullorðinsflokkum og þá kanski sitt hvor atburðurinn á hvorum vellinum fyrir sig. Á þetta aðallega við þegar kalt er í veðri, en menn sjá fyrir sér að þessir vellir verði nýttir nánast allan ársins hring sérstaklega þegar fram í sækir. Breidd upphækkaða svæðisins þyrfti að vera að lágmarki 20 metrar svo leggja megi til sitthvorrar handar með akbraut á milli. Breiddin helgast einnig af því að hægt sé að koma þarf fyrir færanlegum tvöföldum stúkum þ.e. stúku til sitt hvorrar handar.

Arinbjörn og Oddur tóku vel í þessa tillögu og mun Oddur gera nýjar teikningar af svæðinu m.a. grunnmynd og snið.

Sjá nánar meðfylgjandi fundargerð þessa fundar.

- 1.2 Rætt var um kalla þurfi Mannvirkjanefnd Landsambands hestamanna til samráðs á næstunni svo taka megi tillit til þeirra sjónarmiða ef svo ber undir.

2 Fundarefni 2

Breyttar teikningar af reiðskemmu og alútboð í samræmi við það.

- 2.1 Sveinn Ívarsson arkitekt hefur að undanfögnu unnið að breytingum á teikningum af reiðskemmu með það að markmiði að hægt verði að koma fyrir 3 æfingavöllum í húsinu. Hann fór yfir teikningarnar á fundinum, en aðal breytingin er sú að nú er gert ráð fyrir að áhorfandapallar verði færnanlegir þannig að hægt sé að fella þá inná milli súlna þegar mestrar þörf er á breidd hússins, en í fyrri tillögu voru bekkir steiptir. Eins og fram kemur á teikningu Sveins er helstu kennistærðir þessar.

	Fyrri Tillaga:	Núverandi tillaga:
Grunnflötur húss	3645 m ²	3872 m ²
Þar af fordyri	575,5 m ²	572,5 m ²
Geymslur undir stúku	88 m ²	0.0 m ²
Mótstjórn og tæknirými	60 m ²	60 m ²
Samtals	3793 m ²	3932 m ²
Mismunur		+139 m ²

- 2.2 Fram kom tillaga um að stækka útbyggingu við austurgafli þannig að hún verði jafn breið reiðskemmunn. Þess er talin þörf m.a. vegna vöntunar á geymsluplássi. Sveinn mun skoða það.
- 2.3 Jafnframt kom fram tillaga um að bæta við 3 hurðum á norðurhlið sem myndu þjóna hverjum þeirra 3 valla sem möguleiki er að koma fyrir. Jafnframt gætu þessar hurðir nýst sem flóttaleiðir. Sveinn mun taka þetta til skoðunar ásamt því að fara yfir flóttaleiðir vegna framkominna tillagna um breytingar.
- 2.4 Rætt var um nauðsyn þess að huga vel að hljóðvist. Sveinn verður í sambandi við Steindór Guðmundsson hjá Verkís, en settar verða ákveðnar kröfur um hljóðvist í alútboðsgögnum.
- 2.5 Rætt var um áhorfendabekki sem þurfa að vera fyrir allt að 800 manns. Útvegum bekkja og uppsetning verði í útboði, en möguleiki að taka þá út ef svo ber undir. Á Óskarsson er með umboð fyrir þá gerð palla sem Sveinn hefur hugsað í skemmuna.
- 2.6 Rætt var um stærð á tæknirými/loftræsirými. Það er talið vera nægilegt 25,8 m² eins og teikningar gera ráð fyrir. Hinsvegar þarf að huga að inntaksrými fyrir veitur svo sem fyrir neysluvatn, hitaveitu, rafmagn og fl.

2.7 Talsverð umræða varð um þessar breyttu teikningar af reiðskemmuni og voru aðilar sammála um að haldið yrði áfram að vinna bygginganefndarteikningar í samræmi við þær, og framkomnar breytingatillögur en Sveinn mun senda teikningar á PDF formi til fundarmanna þegar hann hefur lokið við þær.

2.8 Rætt var um tímasetningar vegna alútboðs á reiðskemmuni og varð niðurstaðan þessi:

Teikningar af reiðskemmu, grunnmynd, snið og afstöðmynd.	23. Júlí 2012
Alútboðsgögn til verktaka	13. Ágúst 2012
Opnun tilboða	13. September 2012
Yfirferð tilboða, val á verktaka og samningsgerð lokið	4. Október 2012
Reiðskemma tilbúin til notkunar	15. September 2013
Lokið við fordyri og verkinu öllu eigi síðar en	31. Desember 2013

Viðhengi: Fundargerð vegna fundar 13.07.2012 um deiliskipulag Kjóavalla

Ritað: Guðni Eiríksson